

SAMKOMULAG UM GREIÐSLU FERÐAKOSTNAÐAR

AÐILAR

- (1) Verkalýðsfélag Suðurlands, kt. 540174-0599 annars vegar og
- (2) Byggðasamlagið Oddi bs. kt. 621215-1750 hins vegar.

1 INNGANGUR

- 1.1 Samkvæmt grein 5.7.7.2 í kjarasamningi aðila sem tók gildi 1. janúar 2020 skulu sveitarfélög og stéttarfélög semja um greiðslu ferðakostnaðar og ferðatíma starfsmanna vegna vinnustaða á vegum sveitarfélags sem eru staðsettir í a.m.k. 5 km fjarlægð utan ytri marka næsta þéttbýlis.
- 1.2 Byggðasamlagið Oddi bs. rekur grunn- og leikskóla á Laugalandi í Rangárþingi Ytra, sem er í 14 km fjarlægð frá næsta þéttbýli, Hellu. Aðilar hafa gert eftirfarandi samkomulag um greiðslu ferðakostnaðar og ferðatíma þeirra starfsmanna grunn- og leikskólans á Laugalandi sem eru félagsmenn Verkalýðsfélags Suðurlands.

2 GREIÐSLA FERÐAKOSTNAÐAR

- 2.1 Byggðasamlagið Oddi bs. skuldbindur sig til að greiða þeim starfsmönnum grunn- og leikskólans á Laugalandi sem eru félagsmenn Verkalýðsfélags Suðurlands 55 kr. fyrir hvern ekinn kílómeter við ferðir til og frá vinnu. Skal þá miðað við vegalengd frá næsta þéttbýli að Laugalandi sem er 14 km aðra leið. Skal því greitt fyrir 28 km fyrir hvern unnin dag framangreint kílómetragjald. Greiðslur vegna ferðakostnaðar skulu vera utan staðgreiðslu skatta, sbr. 1. tölul. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- 2.2 Gjald fyrir hvern ekinn kílómeter skal koma til endurskoðunar 1. janúar ár hvert og taka breytingum miðað við ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar um akstursgjald ríkisstarfsmanna vegna fyrstu 10.000 km (er 111,0 kr. pr. km við gerð þessa samnings).
- 2.3 Þeir félagsmenn Verkalýðsfélags Suðurlands sem nú þegar njóta betri kjara vegna ferðakostnaðar og ferðatíma skulu halda þeim kjörum.


3 ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 3.1 Greiðslur vegna ferðakostnaðar samkvæmt þessu samkomulagi gilda afturvirktt frá 1. ágúst 2019. Allar greiðslur vegna fyrri tíma skulu gerðar upp með launum þann 31. mars 2020.
- 3.2 Samkomulag þetta skal gilda jafn lengi og kjarasamningur aðila, þ.e. til 30. september 2023. Þá skal greitt samkvæmt samkomulaginu áfram eftir að gildistíma þess lýkur, þar til aðilar hafa gert með sér nýtt samkomulag um tilhögun greiðslna vegna ferðakostnaðar og ferðatíma.

Hellu, 29. febrúar 2020


F.h. Verkalýðsfélags Suðurlands


Verkalýðsfélag Suðurlands
Suðurlandsvegi 3
850 Hella
Sími 487-5000
www.vlfs.is - vs@vlfs.is


F.h. Byggðasamlagsins Odda bs.
Byggðarsamlagið Oddi bs.